

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**880. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. september 2015 kl. 08:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

**Afgreiðslur:**

1. **1508011 Lagt fram bréf Karólínu Gunnarsdóttur**, þar sem hún segir upp starfi sínu sem íþróttá- og tómstundafulltrúi Húnaþings vestra. Fyrirhuguð starfslok eru 1. janúar n.k. Byggðarráð þakkar Karólínu fyrir vel unnin störf fyrir sveitarfélagið og felur sveitarstjóra í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs að auglýsa stöðuna lausa til umsóknar.
2. **1509074 Lögð fram tillaga sviðsstjóra fjölskyldusviðs um breytingu á starfi íþróttá- og tómstundafulltrúa.** Byggðarráð frestar erindinu og óskar eftir nánari útfærslu.
3. **1509038 Lagt fram til kynningar bréf Forsætisráðuneytisins dags. 3. september sl.** þar sem boðað er til kynningarfunda um innleiðingu laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð.
4. **1509051 Lagt fram bréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 2. september sl.** Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016. Umsóknarfrestur er til 30. september nk. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.
5. **1509022 Lagt fram bréf fjallskiladeildar Vatnsnesinga** þar sem óskað er eftir styrk að upphæð kr. 250.000 til greiðslu kostnaðar við jarðvegsskipti á skilarétt að Neðra-Vatnshorni vegna riðutilfellis sl. vetur. Byggðarráð samþykkir styrk að upphæð kr. 250.000. Fjármálastjóra falið að athuga hvort leggja þurfi fram viðauka vegna þessa. Byggðarráð telur óeðlilegt að hægt sé að fyrirskipa förgun réttarinnar án þess að nokkrar bætur komi til greina.
6. **1509078 Lagt fram bréf Alþingis** dags 10, september sl., þar sem fram kemur að fundir fjárlaganefndar Alþingis með sveitarstjórnnum haustið 2015 verða haldnir

dagana 23. september, 5. 7. og 9. október nk. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi sveitarstjórnar með fjárlaganefnd. Samþykkt að byggðarráð ásamt sveitarstjóra fari á fundinn.

7. **Móttaka flóttafólks.** Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að hafa samband við Velferðarráðuneytið og kynna áhuga byggðarráðs á að kanna möguleika á móttöku flóttafólks með tilliti til samfélagsgerðar og þjónustuframboðs í sveitarfélaginu.

#### **Samþykkt að taka á dagskrá**

8. **Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga,** sem haldinn verður miðvikudaginn 23. september nk. á Hilton Reykjavík Nordica og hefst kl. 16:00.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 09:00

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Elín R. Líndal

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir